

## Formannspistill



Frítímaþjónusta er ungar fagvettvangur á Íslandi, svo mjög að við sem störfum á vettvangi erum ekki alltaf sammála um hvernig skuli skilgreina þjónustuna, fagið né fagmennskuna. Við höfum einkum leitað til Norðurlandanna og Evrópu eftir fyrirmynnum að fagstarfi. En við þurfum líka að horfa til íslensks veruleika og byggja upp frítímaþjónustu á Íslandi sem tekur mið af íslensku samfélagi ásamt fræðunum og reynslu grannríkjanna í stað þess að yfirfæra og aðlaga hugmyndafræði annars staðar frá. Til þess að þróun faglegrar

frítímaþjónustu fái farsæla framvindu er umræða og skoðanaskipti fræðimanna og fagfólks á vettvangi lykilatriði. Starfsemi Félags fagfólks í frítímaþjónustu (FFF) er einn af mörgum hornsteinum til eflingar frítímaþjónustu sem fagvettvangs.

Eitt af markmiðum stjórnar FFF fyrir starfsárið 2008-2009 er að efla fagvitund og samheldni fagfólks í frítímaþjónustu með því að skapa félögum vettvang til umræðna og skoðanaskipta. Hádegisverðarfundir félagsins undanfarin ár hafa að hluta sinnt þessu

markmiði. Vefritinu, sem nú kemur út í fyrsta sinn, er einnig ætlað að vinna að þessu markmiði, og mæta öllum félagsmönnum. Markmið félagsins er að gefa ritið út mánaðarlega og færa félagsmönnum fréttir af starfi félagsins, benda á áhugavert efni og kalla eftir skoðunum félagsmanna og umræðu. Félagsmenn eru hvattir til að koma áhugaverðu efni til ritstjóra í gegnum netfang félagsins, fagfelag@fagfelag.is

Með bestu kveðjum og von um ánægjulegt starfsár, Eygló Rúnarsdóttir formaður FFF

## Compass - Næsti hádegisverðarfundur

Næsti hádegisverðarfundur verður haldinn á Horninu, Hafnarstræti, föstudaginn

7. nóvember kl. 12:00. Aldís Yngvadóttir mun fjalla um Compass, nýtt

námsefni í mannréttindafræðslu. Nánari upplýsingar á [www.fagfelag.is](http://www.fagfelag.is)

## Greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldinu að berast

Nú á félagsmönnum FFF að hafa borist greiðsluseðill fyrir félagsgjaldinu fyrir árið 2008 í pósti. Stjórn FFF vonar að

félagsmenn bregðist vel við og greiði greiðsluseðilinn sem fyrst. Nú hefur stjórn FFF ákveðið að allir þeir sem

greiða félagsgjaldið í ár fái afhentan glæsilegan USB lykil merktan féluginu.



[www.fagfelag.is](http://www.fagfelag.is) - fagfelag@fagfelag.is

Við minnum á heimasíðu FFF á [www.fagfelag.is](http://www.fagfelag.is) en þar er að finna frekari fróðleik um félagið og nýjustu fréttirnar af starfinu hverju sinni.

Þar vill stjórn FFF nú útbúa gullkistu; lista yfir félagsmenn og mögulega fyrirlestra og námskeið sem þeir geta staðið fyrir. Þeir félagsmenn

sem hafa áhuga á að vera í kistunni geta sent okkur tölvupóst á fagfelag@fagfelag.is